



Skýrsla stjórnar

Starfsárið 2024

Árþing TKÍ
7. maí 2025

Skýrsla stjórnar

21. ársþing Taekowndosamband Íslands var haldið 9. apríl 2024 í húsakynnum ÍSÍ. Í aðalstjórn tímabilið 2024-2025 voru eftirfarandi aðilar kosnir: Gunnar Hákonarson og Sveinn Speight sem aðalmenn í stjórn og Sýlvía Speight formaður. Atli Þorsteinsson og Bjarki Kjartansson héldu áfram sem aðalmenn, kosnir inn 2023 til tveggja ára. Í varastjórn tímabilið 2024-2025 voru eftirfarandi aðilar kosnir: Grettir Einarsson, Ragnheiður Gísladóttir og Selma Hafliðadóttir. Skoðunarmenn reikninga: Emma Ingibjörg Valsdóttir og Ingibjörg Grétarsdóttir

Stjórnin 2024-2025

Stjórnin hélt 8 bókaða fundi og tvo formannafundi. Á fyrsta fundi eftir ársþing 2024 skipti stjórnin með sér verkum. Atli Þorsteinsson ritari, Gunnar Hákonarson gjaldkeri. Aðrir meðstjórnendur. Varastjórn var boðuð á alla fundi. Valdimar Leó Friðriksson var áfram sem framkvæmdarstjóri TKÍ í 50% starfshlutfalli.

Nefndir

Landsliðsnefnd í bardaga: Sveinn Speight. Utanumhald landsliðs í bardaga.

Landsliðsnefnd í formum Ekki tókst að manna landsliðsnefnd í formum.

Mótanefnd: Sveinn Speight (Björk) formaður, Ragnheiður Gísladóttir (AFT), Eyjólfur Brynjar Eyjólfsson (KR) og síðar bættist Atli Þorsteinsson (KEF) við nefndina. Umsjón með og ábyrgð á framkvæmd móta TKÍ.

Tækninefnd: Bjarki Kjartansson formaður. Umsjón með og ábyrgð á tækjum og tæknimálum móta TKÍ. Bjarki hélt tækni námskeið. Áhugi einstaklinga á tæknimálum fór því miður ekki eins og vonast var eftir og á tímum erfitt að manna tæknifólk á mótunum. Ennþá vantar fleiri aðila í nefndina.

Dómaranefnd í bardaga: Malsor Tafa formaður, Haukur Valgeirsson, Gunnar Hákonarson og Karvel Arnarsson. Karvel Arnarsson sagði sig úr nefndinni. Umsjón og ábyrgð á regluverki dómaramála og dómgæslu á mótum TKÍ.

Dómaranefnd í formum: Haukur Möller formaður, Karl Jóhann Garðarson, Álfðís Freyja Hansdóttir. Umsjón og ábyrgð á regluverki dómaramála og dómgæslu á mótum TKÍ.

DANnefnd: Sigursteinn Snorrason formaður, Eduardo Rodriguez, Daníel Jens Pétursson og Karl Jóhann Garðarson. Umsjón með svartbeltismálum TKÍ.

Taekwondofólk ársins 2024

Taekwondomaður ársins – Leo Anthony Speight úr Björk

Leo keppir í -68 kg flokki í bardaga

Taekwondokona ársins – Ingibjörg Erla Grétarsdóttir úr Björk

Ingibjörg keppir í -57 kg flokki bardaga

Mót TKÍ

Öll mót haldin með löglegum dómurum.

Afturelding urðu Íslandsmeistarar í formum. Eyþór Atli Reynisson (ÁRM) og Aþena Rán Stefánsdóttir (AFT) urðu maður og kona mótsins.

Keflavík urðu Íslandsmeistarar í bardaga. Wiktor Sobczynski (AFT) og Katla Mist Ólafsdóttir (SEL) urðu maður og kona mótsins.

TKÍ hélt Norðurlandamótið og RIG í janúar 2024 í laugardalshöllinni. Mótið gekk vonum framar og mikil ánægja með framkvæmd mótsins.

Team Iceland keppti á norðurlandamóti í janúar 2024 þar sem eftirtaldir urðu norðurlandameistarar:

Seniors Male A -68 Leo Anthony Speight /Björk

Senior Male A -80 Andri Sævar Arnarson /Keflavík

Senior Female A -62 Ingibjörg Erla Grétarsdóttir /Björk

Junior Male A -68 Guðmundur Flóki Sigurjónsson /KR

Junior Male A -73 Amir Maron Ninir Keflavík

Junior Female A -68 Ylfa Vár Jóhannsdóttir Keflavík

Veterans Male A +80 Arnar Bragason Afturelding

Cadet Male A -53 Anton Tristan Lira Atlason KR

Cadet Male A -61 Sigurjón Kári Eyjólfsson Afturelding

Cadet Female A -51 Bryndís Eir Sigurjónsdóttir KR

Íslendingar fengu svo að auki 11 silfur og 11 brons

Landsliðs- og afreksmál

Allan Olsen er áfram landsliðsþjálfari í formum. Magnea Kristín Ómarsdóttir sagði sig frá hlutverki aðstoðarlandsliðsþjálfara. Gunnar Bratli hætti sem landsliðsþjálfari í bardaga og Richard Fairhurst var ráðin sem landsliðsþjálfari í bardaga. Fáar æfingar voru haldnar fyrir U&E þar sem ákveðið var á formannafundi að efla félögin í að halda æfingar fyrir efnilega iðkendur.

Breytingar urðu á Landsliðinu í formum að beiðni landliðsþjálfara seinni hluta árs þar sem þeir aðilar sem í því voru voru færðir í úrvalslið TKÍ þangað til kröfum um landsliðssæti er náð. Allir keppendur í formum eru því nú í Úrvalsliði TKÍ að beiðni landliðsþjálfara.

Liðið keppti á Danish Open, London Open, Austria Opna, Bulgaria Open, ásamt því að fara á æfingabúðir í Danmörku.

Í Senior A-liði í bardaga voru Ingibjörg Erla Grétarsdóttir og Leo Anthony Speight. Guðmundur Flóki Sigurjónsson var svo áfram eini A-junior keppandi landsliðsins. Landsliðið í bardaga átti sitt besta ár hingað til og landaði hvorki meira né minna en 6 G-medalíum og 2 E-medalíum. Einnig kepptu Ingibjörg og Leo á Evrópumótinu og svo á Ólympíuúrtökum þar sem þau enduðu bæði í 9. Sæti.. Guðmundur Flóki keppti svo á HM Junior og endaði í 17. Sæti.

G/E Medalíur ársins eru eftirtaldar:

Ingibjörg:

- Silfur Balkan Open G-1
- Silfur Invitational Games For Small Countries Taekwondo Tournament G-1

Leo:

- Silfur Balkan Open G-1
- Gull Invitational Games For Small Countries Taekwondo Tournament G-1
- Silfur Riga Open G-1
- Gull European small states G-1

Flóki:

- Gull European small states E-1
- Gull Balkan Open E-1

Dómaramál

Malsor Tafa alþjóðlegur dómari í bardaga hélt hið árlega dómaranámskeið og hafa nokkrir nýir dómarar bæst við. Hann var einnig yfirdómari á NM 2024 og stóð sig með prýði. Malsor fór sem dómari fyrir hönd TKÍ á eftirfarandi mót: Norðurlandamót 2024 EM Cadet og Tallinn Open.

Karl Jóhann Garðarson hélt Poomsae dómanámskeið í apríl 2024 og var yfirdómari á mótum Poomsae mótum TKÍ.

Dómararnir Álfðís Freyja Hansdóttir og Bjarki Kjartansson voru send á norska meistaramótið. Álfðís dæmdi form og Bjarki dæmdi bardaga.

Jesper Pedersen frá Danmörku var Poomsae yfirdómari á NM 2024 og gekk það afar vel.

Markaðs- og útbreiðsla íþróttarinnar

Lítið gert í markaðsmálum sambandsins árið 2024. Svenni Speight hefur verið virkur í að taka myndir og senda upplýsingar um gengi landsliðanna á fjölmiðla sem hefur skilað sér í frétt aflutningi.

Fjárhagsstaða sambandsins

Gert verður grein fyrir útgjöldum liðsins árs á Ársþingi TKÍ í árreikningi og fjárhagsáætlun komandi árs lögð fram. Fjárhagsáætlun er útbúin af framkvæmdastjóra og stjórn TKÍ.